



Breytingar á vörumerki Orkuveitunnar

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti nýja heildarstefnu fyrirtækisins á fundi sínum þann 18. desember 2023. Í framhaldi af því var farið í að skoða vörumerki fyrirtækisins og þeirrar spurningar spurt hvort vörumerkið endurspeglaði nýjar áherslur fyrirtækisins. Voru utanaðkomandi rágjafar fengnir til þess að skoða vörumerkið og byggði sú skoðun bæði á nýju stefnunni en einnig á umfangsmikilli hagsaðilagreiningu sem unnin var samhliða undirbúningi nýju stefnunnar.

Í kjölfarið var lögð fram tillaga sem fól í sér umtalsverðar breytingar á ásýnd og vörumerki fyrirtækisins. Meðal annars var lagt til að fyrirtækið tæki upp nýtt merki, myndi notast við nýja liti, letur, myndastíl og að nafnmerkifyrirtækisins yrði breytt í *Orkuveitan* í stað Orkuveita Reykjavíkur. Firmaheiti fyrirtækisins væri þó áfram Orkuveita Reykjavíkur en í daglegu tali og markaðslegum skilaboðum væri notast við heitið Orkuveitan.

Þessar breytingar á vörumerki fyrirtækisins voru samþykktar af stjórn og síðan kynntar samhliða kynningu á nýju stefnunni fyrir starfsfólki á öflugum Liðsheildardegi Orkuveitunnar þann 3. febrúar sl. að undangengnu samráði við handhafa eigendavalds á tveimur óformlegum eigendafundum og aukafundi stjórnar til að gera breytingar í samræmi við ábendingar frá handhöfum eigendavalds, sbr. nánar á tímalínu hér að neðan.

Hér má lesa frekar um nýja ásýnd Orkuveitunnar en einnig eru glærur í viðhengi sem varpa frekara ljósi á breytingarnar.

<https://orkuveitan.is/um-or/starfsemin/ny-asynd-orkuveitunnar/>

Hér er síðan hlekkur á vörumerkjahandbók Orkuveitunnar.

<https://live.standards.site/orkuveitan/>

Óvenjuleg og stefnumarkandi ákvörðun

Hér að neðan er farið yfir helstu dagsetningar þar sem heildarstefnan og endurmörkunin hafa verið til umfjöllunar hjá stjórn OR, eigendum og í borgarráði. Líkt og þar sést var nýtt vörumerki m.a. til umræðu á eigendafundi Orkuveitunnar þann 14. júní sl. Þar kom m.a. fram umsögn borgarlögmanns og borgarritara þar sem fram kemur sú skoðun að umrædd endurmörkun á vörumerki Orkuveitunnar sé óvenjuleg og stefnumarkandi ákvörðun. Því sé nauðsynlegt að óska eftir samþykki eigenda fyrir breytingunni og því var afgreiðsla heildarstefnunnar frestað.

Tekið skal fram að í nóvember árið 2021 var nafni og vörumerki Gagnaveitu Reykjavíkur breytt formlega í Ljósleiðarann án samþykkis eigenda auk þess sem fyrri breytingar á vörumerki Orkuveitu Reykjavíkur hafa ekki þurfti samþykki eigenda. Einnig var framkvæmd heildar



endurmörkun á vörumerkjum í samstæðu Orkuveitunnar árið 2014 eftir uppskiptingu fyrirtækisins, þar sem OR varð mynd- og nafnmerki móðurfélagsins en mörkun og ásýnd hinna nýju dótturfélaga sett í öndvegi. Var það gert án samþykkis og án athugasemda eigenda.

18.12.2023	Stjórn Orkuveitunnar samþykkir nýja heildarstefnu
05.01.2024	Óformleg kynning fyrir handhöfum eigendavalds á heildarstefnu
12.01.2024	Óformleg kynning fyrir handhöfum eigendavalds á heildarstefnu Orkuveitunnar - farið yfir tillögur að breytingum eftir ábendingar eigenda frá fundi 05.01.2024
16.01.2024	Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir á aukafundi nýja heildarstefnu Orkuveitunnar eftir ábendingar eigenda. Sent formlega til samþykktar hjá eigendum í kjölfarið.
25.01.2024	Bæjarráð Akraneskaupstaðar samþykkir heildarstefnu Orkuveitunnar sem er svo staðfest 26.03.2024 af bæjarstjórn.
25.01.2024	Byggðaráð Borgarbyggðar gefur sveitarstjóra umboð til ákvarðana á eigendafundi 02.02.2024.
26.01.2024	Fundur borgarstjóra með stjórnarformanni og forstjóra Orkuveitunnar. Ný stefna til umfjöllunar.
01.02.2024	Stjórnarformaður Orkuveitunnar, forstjóri, yfirlögfræðingur og stefnustjóri kynna nýja stefnu fyrir borgarráði Reykjavíkur. Stefnu Orkuveitunnar vísað til rýni innan borgarinnar.
02.02.2024	Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur: Afgreiðslu á heildarstefnu frestað.
11.04.2024	Umsagnir um stefnur Orkuveitunnar lagðar fram í borgarráði. Engin samskipti eða samráð var við Orkuveituna um þessar athugasemdir sem samþykktar voru í borgarráði.
15.04.2024	Fundur stjórnarformanns, forstjóra og yfirlögfræðings Orkuveitunnar með borgarritara og borgarlögmanni þar sem farið var yfir athugasemdir við stefnu Orkuveitunnar. Er því meðal annars komið á framfæri að ekki sé um breytingu á firmaheiti sem er áfram Orkuveita Reykjavíkur og vörumerki hefði ekki áhrif á það. Jafnframt hafi fyrri breyting á vörumerki ekki fengið staðfestingar eigenda. Á fundinum var ekki að merkja að þessum sjónarmiðum væri andmælt.



22.04.2024	Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir heildarstefnu Orkuveitunnar eftir athugasemdir Reykjavíkurborgar um orðalag um góða stjórnarhætti og ábyrgan rekstur. Sent í framhaldinu til Reykjavíkurborgar þar sem sérstaklega er útskýrt að ekki sé verið að breyta firmaheiti Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig er vísað í raforkulög við athugasemdum um sölu rafmagns um allt land.
29.04.2024	Símtal forstjóra til borgarritara þar sem óskað er staðfestingar á framangreindum atriðum áður en þau fara til borgarráðs. Svar berst í tölvupósti síðar um daginn frá borgarritara þar sem fram kemur að orðalagsbreytingar sem eru í rauðu séu í takt við ábendingar. Forstjóri óskar eftir því að borgarlögmaður eigi samskipti við yfirlögfræðing Orkuveitunnar varðandi sölu rafmagns um allt land. Næstu daga eru samskipti milli borgarlögmanns og yfirlögfræðings varðandi það atriði.
13.06.2024	Borgarráð samþykkir
14.06.2024	Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Afgreiðslu á heildarstefnu er frestað og umræða á sér stað um að óska eftir samþykki eigenda fyrir breytingu á vörumerki.
24.06.2024	Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fær til umfjöllunar tillögu um að óska eftir samþykki eigenda vegna breytinga á vörumerki Orkuveitunnar.

Samskiptastjóri Orkuveitunnar sem leitt hefur umræddar breytingar á vörumerki fyrirtækisins óskar því hér með eftir því að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leiti eftir samþykki eigenda fyrir breytingum á vörumerki Orkuveitunnar, þrátt fyrir að hingað til hafi endurmörkun ekki verið talin þarfnast samþykkis eigenda.

Breki Logason
Samskiptastjóri Orkuveitunnar
breki.logason@orkuveitan.is